

Sigurður Böðvarsson
Gautlöndum
660 Mývatn

2002050020
6607; 9310

Reykjavík, 2. september 2002
/--

Efni: Skógrækt í landi Gautlanda í Skútustaðahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Jóhanns Böðvarssonar og Sigurðar Böðvarssonar mótttekið 9. ágúst 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt skógrækt í landi Gautlanda í Skútustaðahreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og Skógræktar ríkisins. Afrit af umsögn Skútustaðahrepps fylgdi framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. ágúst 2002, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 22. ágúst 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 21. ágúst 2002 og Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 13. ágúst 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er um að ræða landbótaskógrækt með innlendum trjátegundum á um 34 ha í landi Gautlanda í Skútustaðahreppi. Fyrirhugað skógræktarsvæði er allvel gróið, nánast eingöngu mólendi og jarðvegur víðast djúpur en talsvert um mela. Fram kemur að gera megi ráð fyrir að væntanlegt skógræktarsvæði hafi verið skóglendi fyrr á tíð en samspil veðurfars og nýtingar hafi eytt skógi. Birki verði uppistaðan í gróðursetningum, innan um það verði blandað ilmreyni og blæösp á skjól- og gróðursælustu staðina. Lögð verði áhersla á víði, loðvíði í mela og þurrari svæði en gulvíði þar sem jarðvegsraki sé meiri. Gert sé ráð fyrir blöndu af birki og víði í 33,5 ha eða 98% svæðisins. Við jaðra fyrirhugaðs skógræktarsvæðis sé gert ráð fyrir hreinni gróðursetningu víðis eða blöndu af birki og víði til að fella skógræktarsvæðið betur að landi. Fram kemur að tilgangur fyrirhugaðar framkvæmdar sé að draga úr hættu á frekari landeyðingu og bæta veðurfars- og jarðvegsskilyrði, auk þess sem skógurinn muni auka fjölbreytni í fuglalífi og gróðurfari.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Skútustaðahrepps kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við framkvæmdirnar.

Áhrif á menningarminjar

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fornleifar í Skútustaðahreppi hafi verið skráðar og engar fornleifar sé að finna á fyrirhuguðu skógræktarsvæði. Í ljósi þess telji Fornleifavernd ríkisins að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á náttúrufar, landslag og verndarsvæði

Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar séu talin lítil á svæðisvísu en þó nokkur til talsverð á framkvæmdasvæðinu sjálfu en þau séu stuðningur og viðbót við það lífríki sem fyrir er á svæðinu. Engin neikvæð áhrif fylgi fyrirhugaðri framkvæmd frá sjónarmiði gróðurverndar og ekki sé þörf á mótvægisáðgerðum vegna hennar. Landgræðsla ríkisins telur að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að við fyrirhugaða skógrækt verði aðeins notaðar þær tegundir sem trúlega myndu einkenna svæðið ef t.d. beit væri hætt. Því sé stefnt að endurheimt ákveðinna landgæða/vistgerða sem samrýmist vel lögum um náttúruvernd og alþjóða skuldbindingum á sviði náttúruverndar s.s. samningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt, þar sem vinnu við sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga sé ekki lokið, að bíða með einstakar skógræktaráætlanir. Niðurstaða Náttúruverndar ríkisins er sú að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Skógræktar ríkisins kemur fram að ræktaður verði skógur með innlendum tegundum og viðbúið að hann verði fremur seinvaxinn og ekki hávaxinn. Fyrirhuguð skógrækt muni breyta umhverfinu á svæðinu en ósennilegt verði að teljast að áhrif hennar verði teljandi utan þeirra. Ekki sé búist við að tré sái sér út fyrir skógræktarsvæði meðan sauðfjárbreit viðgengst og vegna fjarlægðar frá bökkum Mývatns og Krákár. Því sé vandséð að framkvæmdin brjóti í bága við lög um verndun Mývatns og Laxár. Fram kemur að skógræktarsvæðin verði áberandi í landslagi en þau séu ekki við fjölfarna leið og muni ekki sjást frá þjóðvegi 1 sunnan Mývatns. Skógrækt ríkisins telur að fyrirhugað framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða landbótaskógrækt á um 34 ha í landi Gautlanda í Skútustaðahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1d í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er á svæði sem nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að innlendar trjátegundir verði notað við framkvæmdina. Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af viðmiðum í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum að fyrirhuguð landbótaskógrækt í landi Gautlanda í Skútustaðahreppi þar sem notaðar verða innlendar

tegundir sem eru seinvaxta og fremur lágvaxnar muni ekki hafa veruleg áhrif á landslag og verndarsvæði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að skógrækt í landi Gautlanda í Skútustaðahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. október 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Skútustaðahreppur, Fornleifavernd ríkisins, Landgræðsla ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og Skógrækt ríkisins.